

Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og sálfræðinga

Með undirritaðri og innsendri umsókn sinni um aðild að samningi þessum á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og sálfræðinga, samþykkir sálfræðingur samning þennan og skuldbindur sig til að fara eftir honum í einu og öllu á meðan samningssambandið varir.

1 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir VIRK) er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

VIRK er sjálfseignarstofnun sem að standa öll helstu samtök launafólks og atvinnurekenda á Íslandi. Nánari upplýsingar um stofnaðila má sjá á vefsíðu VIRK.

Helstu áherslupættir þjónustunnar eru eftirfarandi:

1. **Áhersla á þarfir einstaklinga.** Öll þjónusta og aðferðarfræði í starfsendurhæfingu skal taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga og taka tillit til andlegrar og líkamlegrar heilsu sem og félagslegra aðstæðna viðkomandi einstaklinga.
2. **Snemmbært inngrip.** Mikil áhersla er lögð á mat til að greina þarfir einstaklinga og snemmbært inngrip sem gerir þeim betur fært að viðhalda eða auka við starfshæfni sína.
3. **Virk þátttaka einstaklinga.** Einstaklingurinn tekur virkan þátt í að skipuleggja endurkomu sína til vinnu eða á vinnumarkaðinn og lögð skal áhersla á að hann sé virkur í skipulagningu og framkvæmd eigin starfsendurhæfingar.
4. **Tengsl við vinnumarkað og atvinnulíf.** Markmiðið er ávallt að einstaklingur viðhaldi ráðningarsambandi sínu eða fái starf við hæfi. Megináhersla skal lögð á endurkomu í sama starf hjá sama atvinnurekanda en ef það er ekki mögulegt þá í annað starf hjá sama atvinnurekanda. Gerð skal áætlun um endurkomu í vinnu í samstarfi við einstakling og alla hagsmunaaðila.

2 Skilgreiningar

Með **ráðgjafa** í þessum samningi er átt við ráðgjafa VIRK sem starfar hjá stéttarfélögum eða öðrum samtökum/félögum/stofnunum á grundvelli þjónustusamnings við VIRK. Hlutverk ráðgjafans er að veita einstaklingum ráðgjöf til að viðhalda og efla virkni til vinnu. Ráðgjafi heldur utan um mál einstaklinga, er þeim til aðstoðar, hvetur þá og aðstoðar. Ráðgjafi er tengiliður einstaklinga í starfsendurhæfingarferlinu og vinnur í nánú samstarfi við sérfræðinga VIRK, utanaðkomandi sérfræðinga og þjónustuveitendur um allt land og þar með talið þá sálfræðinga sem eru aðilar að þessum samningi.

Með **sérfræðingi VIRK** í þessum samningi er átt við sérfræðinga sem starfa hjá VIRK við þróun, umsjón og eftirlit með þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Með **einstaklingi** í þessum samningi er átt við þá einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK (í starfsendurhæfingarferli) og undir handleiðslu ráðgjafa VIRK og hefur verið vísað í þjónustu til sálfræðinga sem eru aðilar að þessum samningi af ráðgjafa VIRK.

Með **greinargerð** (stöðumati) í þessum samningi er átt við sérstakt form sem sálfræðingur sækir á vefsíðu VIRK, fyllir út skv. fyrirmælum þar um og sendir ráðgjafa í lok þjónustu.

Með **sálfræðingi** í þessum samningi er átt við löggiltan sálfræðing eða sálfræðistofu (fyrirtæki) sem er aðili að þessum samningi í kjölfar samþykkis undirritaðrar umsóknar og tilboðs og VIRK getur keypt af þjónustu fyrir tiltekinn einstakling samkvæmt þjónustubeiðni þar um.

Með **umsókn** sálfræðings í þessum samningi er átt við umsókn sem sálfræðingur hefur undirritað og sent VIRK þar sem hann óskar eftir aðild að þessum samningi og VIRK hefur staðfest að hafi verið samþykkt.

Með **tilboði** sálfræðings í þessum samningi er átt við það tilboð um verð sem sálfræðingur gerir VIRK með umsókn sinni fyrir hvern viðtalstíma (verkeiningu) sem veittur er einstaklingum sem eru í þjónustu VIRK.

Með **þjónustubeiðni** í þessum samningi er átt við tölvupóst úr skjalakerfi VIRK frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK til sálfræðings þar sem óskað er eftir sálfræðiþjónustu (einstaklingsviðtölum – einstaklingsþjónustu) fyrir tiltekinn einstakling.

Með **hópúrræði** í þessum samningi er átt við meðferðarúrræði sem sálfræðingur annast þar sem fleiri en einn einstaklingur eru saman í þjónustutíma (viðtali/meðferð) hjá honum.

3 Markmið og tilgangur

Markmið þessa samnings er að bjóða einstaklingsbundin úrræði sem efla vinnufærni þeirra einstaklinga sem vísað er í starfsendurhæfingarþjónustu hjá sálfræðingi í samræmi við hlutverk og áherslur VIRK, sbr. 1. gr. samnings þessa.

4 Gildissvið

Samningur þessi gildir þegar ráðgjafar eða sérfræðingar á vegum VIRK óska formlega eftir þjónustu þeirra sálfræðinga sem samþykktir hafa verið til að starfa skv. samningi þessum. Um er að ræða sálfræðiþjónustu á starfsstöðvum sálfræðinga utan sjúkrahúsa fyrir einstaklinga sem vísað er til sálfræðings af hálfu ráðgjafa VIRK með það að markmiði að auka starfsgetu viðkomandi.

Samningur þessi nær ekki til annarrar vinnu sálfræðinga.

5 Aðild að samningnum og afgreiðsla umsókna

Eftir samningi þessum geta eingöngu starfað löggiltir sálfræðingar sem reka eigin starfsstofur á Íslandi, hafa sótt námskeið um siðareglur á vegum Sálfræðingafélags Íslands og hafa starfsreynslu sem sálfræðingur að lágmarki í 2 ár eftir löggildingu.

Til að fá aðild að samningi þessum þurfa áhugasamir löggiltir sálfræðingar að fylla út umsókn sem sækja þarf á vefsíðu VIRK (www.virk.is) og er jafnframt viðauki við samning þennan. Tilgreina þarf tímagjald þjónustu (tilboð) og jafnframt þurfa eftirfarandi gögn að fylgja umsókninni:

- a. Ljósrit af löggildingu frá Íslenskum yfirvöldum.

- b. Starfsferilskrá með upplýsingum um fyrri störf, reynslu og menntun.
- c. Staðfesting á að hafa sótt námskeið um siðareglur á vegum Sálfræðingafélags Íslands
- d. Staðfesting Landlæknis á því að rekstur sálfræðistofunnar uppfylli lagalegar kröfur (ef stofan hóf rekstur eftir 1. september 2007).

Með sama hætti geta sálfræðistofur og fyrirtæki sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu samkvæmt samningi þessum sent inn umsókn sama efnis og sjálfstæðir sálfræðingar. Í þeim tilfellum skulu erindinu þó fylgja öll framangreind gögn um hvern þann sálfræðing sem starfar innan stofunnar/fyrirtækisins.

Sálfræðingum sem þegar starfa samkvæmt samningi við VIRK nægir að senda inn umsókn og þurfa ekki að senda inn framangreind gögn.

Ef umsóknin uppfyllir ekki fyrrnefnd skilyrði, áskilur VIRK sér rétt til að hafna umsókninni eða að gefa sálfræðingi tækifæri til að breyta umsókninni. Ef umsóknin er í lagi (eða hefur verið leiðrétt) er sálfræðingi send staðfesting þar um innan mánaðar frá móttöku, og sálfræðingi síðan bætt á lista sálfræðinga sem VIRK hefur samþykkt og bjóða fram þjónustu sína. Telst samningur kominn á milli aðila við útgáfu þess samþykkis.

Samþykki VIRK á umsókn sálfræðings um aðild að samningi þessum felur ekki í sér skuldbindingu fyrir VIRK um kaup á þjónustu. Að því marki sem kemur til kaupa á þjónustu á grundvelli þessa samnings hefur VIRK frjálssar hendur með það til hvaða sálfræðinga innan þessa samnings ráðgjafar leita á hverjum tíma, en tekið er mið bæði af verði þjónustu sem og af sérfræðisviði, reynslu, landfræðilegri staðsetningu starfsstöðvar og árangri sálfræðinga. Tilvísun í þjónustu ræðst einnig af þörf einstaklinga fyrir viðkomandi þjónustu.

6 Innihald og framkvæmd þjónustu

Sálfræðingur skal veita einstaklingi sem VIRK vísar til hans faglega þjónustu sem er í samræmi við þá þjónustubeiðni og gögn sem VIRK lætur honum í té. Þjónustan skal að öðru leiti taka mið af markmiðum og stefnu VIRK í starfsendurhæfingu þar sem megin markmiðið með þjónustunni er að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt á vinnumarkaði.

7 Umfang sálfræðiþjónustu

Í þjónustubeiðni til sálfræðings frá ráðgjafa (eða sérfræðingi) VIRK er alltaf tiltekið umfang þjónustunnar þ.e. hvenær þjónustan á að hefjast, þjónustutímabilið og umbeðinn fjöldi viðtala. Ekki er greitt fyrir aðra þjónustu en beðið er um samkvæmt formlegri beiðni frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK. Upplýsingar um ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK er að finna á heimasíðu VIRK www.virk.is. Leiti einstaklingar eða aðrir aðilar til sálfræðings í nafni VIRK ber sálfræðingi að vísa viðkomandi til VIRK áður en þjónusta er veitt. Það á einnig við um ef einstaklingur í þjónustu óskar eftir áframhaldandi þjónustu sálfræðings að þjónustutímabili loknu.

Sálfræðingar gefa einstaklingum upp fasta viðtalstíma og ber að gera þeim viðvart tímanlega verði breyting þar á. Einstaklingar skulu árita mætingarblað í lok hvers viðtals og þarf sálfræðingur að tryggja að blaðið sé vistað með öðrum gögnum svo kalla megri það fram við úttekt eða ef sérstaklega er kallað eftir því.

Sálfræðingur skuldbindur sig til að veita einstaklingi sem beint er til hans í þjónustu með þjónustubeiðni fyrsta viðtalstíma innan 2 vikna frá dagsetningu þjónustubeiðinnar.

Ef sálfræðingur metur að þjónustubeiðnin sé ekki nægjanlega skýr, frekari upplýsingar vanti, hann treystir sér ekki til að veita umbeðna þjónustu, eða að ná henni innan tilskilins þjónustutíma, ber honum að láta þann starfsmann VIRK (ráðgjafa eða sérfræðing) sem sendi honum þjónustubeiðnina strax vita.

8 Greiðsla fyrir þjónustu sálfræðinga

Fyrir hvern þann einstakling sem vísað er í þjónustu til sálfræðings af hálfu ráðgjafa eða sérfræðings VIRK er greitt fyrir veitta þjónustu í samræmi við tilboð viðkomandi sálfræðings. Fjárhæð tilboðs skal koma fram í innsendri umsókn sálfræðings um aðild að samningi þessum.

Um er að ræða tilboð í eftirfarandi verkeiningu:

Tími fyrir einstakling í sálfræðimeðferð í a.m.k. 50 mín auk undirbúnings og frágangs í tengslum við meðferðina. Áherslur í meðferð skulu taka mið af formlegri beiðni ráðgjafa sem og innihaldi þessa samnings.

Tilboð sálfræðings í hvern viðtalstíma (verkeiningu) er heildargreiðsla og innifelur þjónustu, samskipti við ráðgjafa, aðstöðu, öll gögn, töl og tæki ofl. sem þeir kunna að notast við í þjónustu sinni.

Ef ráðgjafi eða sérfræðingur VIRK fer fram á að sálfræðingur skili greinargerð skv. 12. gr. þessa samnings í lok þjónustutíma þá er sérstaklega greitt fyrir hana gjald sem samsvarar hálfum viðtalstíma (verkeiningu).

Um verð fyrir þjónustu við einstaklinga í formi hópúrræða skal samið sérstaklega hverju sinni.

Sálfræðingi sem aðild á að þessum samningi er heimilt að breyta tilboði sínu á samningstíma en skal þá tilkynna VIRK um það formlega með 6 mánaða fyrirvara með því að senda inn nýja umsókn skv. 5. gr. samningsins. Tilkynni sálfræðingur VIRK um hækkun á tilboði sínu skuldbindur hann sig til að ljúka meðferð þeirra einstaklinga sem hafið hafa þjónustu hjá honum á því verði sem í gildi var þegar óskað var eftir þjónustunni.

VIRK greiðir sálfræðingi einungis fyrir þá tíma sem einstaklingur hefur mætt í hjá viðkomandi sálfræðingi (sjá mætingarblað sbr. 7. gr.) og tekur ekki ábyrgð á því ef einstaklingur mætir ekki í boðað viðtal.

Mæti einstaklingur ekki í boðað viðtal án þess að afboða sig tímanlega, er sálfræðingi heimilt, kjósi hann að gera það, að krefja einstakling um greiðslu fyrir þann viðtalstíma. Skilyrði fyrir því er þó að sálfræðingur geri samning við einstaklinginn þess efnis við upphaf þjónustu og geri honum ljóst að boði hann ekki forföll skuldbindi hann sig til að bera persónulega ábyrgð á greiðslu gagnvart sálfræðingi. Sálfræðingi er að öðru leyti óheimilt að innheimta nokkurt gjald af einstaklingum sem vísað er til hans af VIRK án undangengins skriflegs samkomulags um slíkt við VIRK.

Reikningar sálfræðings vegna þjónustunnar skulu útbúnir mánaðarlega fyrir nýliðinn mánuð og þurfa að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og greiðast þá innan 15 daga frá móttöku ef ekki eru gerðar athugasemdir. Þeir skulu stílaðir á:

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Guðrúnartún 1,
105 Reykjavík

(kennitala VIRK er: 440608-0510)

Reikningarnir skulu uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga og innihalda kennitölu og bankaupplýsingar sálfræðings. Á reikningi (eða í fylgiskjali reiknings) skal koma fram nafn og kennitala hvers einstaklings í þjónustu, númer þjónustubeiðni (úrræðanúmerið), nafn ráðgjafa er pantaði þjónustuna, og dagsetningar og tímasetningar hvers viðtals í reikningsmánuðinum.

Pöntuð greinargerð skv. 12. gr. þessa samnings skal hafa borist áður en síðasti reikningur er kominn á gjalddaga. Ef í ljós kemur að reikningur er ekki réttur miðað við fyrirbyggjandi beiðni um þjónustu eða að gögn samkvæmt þessum samningi hafa ekki verið afhent þá er VIRK heimilt að halda eftir greiðslu þar til úr því hefur verið bætt.

9 Hópúrræði

Hafi sálfræðingur með umsókn sinni lýst sig reiðubúinn til að veita einstaklingum þjónustu í formi hópúrræða, getur VIRK, eftir því sem tilefni er til, haft samband við sálfræðing og kannað hvort hann geti tekið að sér að veita þá þjónustu sem VIRK leitar eftir.

Skulu aðilar þá semja sérstaklega um verð fyrir þá þjónustu m.t.t. fjölda einstaklinga og umfangs áður en veiting þjónustu hefst. Um þjónustu fyrir einstaklinga í hópúrræðum skal samningur þessi gilda að öðru leyti.

10 Kröfur, ábyrgð, tryggingar og starfsleyfi

Sálfræðingur sem óskar eftir aðild að samningi þessum skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit og hafa þá fagþekkingu og þau leyfi og réttindi sem krafist er af viðkomandi starfsemi í samræmi við þau lög sem eiga við.¹

Starfsstöðvar sálfræðinga skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni. Sálfræðingar skulu tilkynna VIRK á hvaða tíma þjónusta þeirra stendur sjúklingum til boða. Þeir skulu einnig tilkynna VIRK um mögulegar breytingar á staðsetningu stofu.

Sálfræðingar bera sjálfir allan kostnað af matstækjum, spurningalistum og öðrum gögnum eða hlutum sem þeir kunna að nota í sinni meðferð.

Sálfræðingur ber eftir almennum réttarreglum skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn á hans vegum valda. Auk þess ber sálfræðingur ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum hans, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Hann skal jafnframt hafa allar lögboðnar tryggingar sem eiga við um þá starfsemi sem hann rekur, fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu og sjúklingatryggingu, þ.á.m. tryggingar sem taka til skaðabóta gagnvart notendum þjónustunnar, hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi.

Komi að mati VIRK í ljós verulegur misbrestur á því að sálfræðingur uppfylli skyldur sínar og gæðakröfur skv. samningi þessum veitir það VIRK heimild til að rifta samningi við viðkomandi sálfræðing og heimta bætur vegna fjártjóns. Það sama gildir ef sálfræðingur eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot gegn almennum hegningarlögum eða refsíákvæðum sérlaga.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega á um í ákvæðum hans.

¹ Lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta
Lög nr. 40/1976 um sálfræðinga.
Lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

11 Framsal á réttindum eða skyldum

Sálfræðingi er með öllu óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er honum óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti nema með skriflegu samþykki VIRK. Á það einnig við aðstoðarmenn eða nema sem kunna að starfa á vegum sálfræðings. Sé slík heimild veitt, breytast í engu skyldur sálfræðings gagnvart VIRK.

12 Þagnarskylda og trúnaður

Sálfræðingur sinnir trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum á vegum VIRK. Eðli þjónustunnar vegna ber honum að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem hann hefur aðgang að af fyllsta trúnaði. Við skráningu og meðhöndlun upplýsinga um mál einstaklinga skal farið í samræmi við lög og reglur um persónuvernd. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins. Í íslenskum lögum er víða að finna ákvæði er varða þagnar- og trúnaðarskyldur og er hér vísað á nokkur þeirra sem sálfræðingum ber að framfylgja og hafa að geyma ákvæði sem mæla fyrir um að þeir sem umgangast ákveðnar upplýsingar, séu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja um í starfi sínu.² Gilda þau hér eftir því sem við á. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Trúnaðarskyldur sálfræðings samkvæmt samningi þessum lúta bæði að trúnaði gagnvart VIRK og einstaklingi í þjónustu.

Brot á þagnar- og/eða trúnaðarskyldu leiðir til fyrirvaralausrar riftunar á samningnum.

13 Skýrslur, eftirlit og árangur

Sálfræðingur skuldbindur sig til að skila greinargerð til ráðgjafa VIRK í lok þjónustu berist um það pöntun. Greinargerð skal berast ráðgjafa VIRK eigi síðar en 5 virkum dögum frá dagsetningu pöntunar um greinargerð. Eyðublað (form) greinargerðarinnar sækir sálfræðingur á vefsíðu VIRK (www.virk.is) og skal það fyllast út í samræmi við leiðbeiningar þar um og sendast síðan ráðgjafa VIRK samkvæmt tilmælum í eyðublaðinu.

Í kjölfar þjónustu skal ráðgjafi leggja fyrir einstakling könnun til að fá fram viðhorf hans til þjónustu sálfræðingsins og er þar fyrst og fremst horft til skipulags og undirbúnings þjónustunnar, stundvísi, virðingu og framkomu sálfræðings ásamt ánægju einstaklings með þjónustuna.

Sé mætingu eða ástundun einstaklingsins ábótavant eða ef hún er ekki eins og áætlun gerir ráð fyrir (fer niður fyrir 80%) ber sálfræðingi að tilkynna það til ráðgjafa tafarlaust. Ráðgjafinn mun í framhaldinu ræða endurskoðun starfsendurhæfingaráætlunar við einstaklinginn og meta hvort ástæða sé til að hætta að veita einstaklingi þjónustuna. Ákvörðunarvald um hvort þjónustu skuli framhaldið er á hendi VIRK og er sálfræðingi óheimilt að vísa einstaklingi úr þjónustu að eigin frumkvæði.

Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK, fulltrúar þeirra eða opinberir eftirlitsaðilar munu hafa eftirlit með þjónustu sálfræðings og skal sálfræðingur afhenda þeim upplýsingar um þjónustu, árangur og skipulag þegar óskað er eftir slíkum upplýsingum. Eftirlitið miðar m.a. að því að tryggja að tegund þjónustu, magn,

² Lög nr. 40/1976 um sálfræðinga sbr. 3. gr.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Lög nr. 19/1940 almenn hegningarlög.

Lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga.

Lög nr. 53/1998 læknalög.

Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

gæði, kostnaður og árangur sé í samræmi við samning aðila og lýsingar sálfræðings á gæðum og árangri í þjónustu og eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. þessum samningi. Eftirlitið getur m.a. falist í heimsókn á starfsstöð sálfræðings. Sálfræðingum er skylt að veita ráðgjöfum og sérfræðingum VIRK þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greiðslna skv. þessum samningi og vegna eftirlitshlutverks VIRK.

14 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstaka samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining innbyrðis. Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15 Gildistími og uppsögn

Samningur þessi er ótímabundinn og tekur gildi 1. nóvember 2015. Samningurinn gengur fram og kemur að öllu leyti í stað fyrri samnings VIRK við sálfræðinga. Fyrri samningur og áður samþykkt tilboð á grundvelli hans skal þó gilda um þá þjónustu sem hafin er og er ekki lokið við gildistöku þessa samnings.


VIRK er heimilt að segja samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara.

Sálfræðingur, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt þessum samningi, skal tilkynna það skriflega til VIRK með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót. Segi sálfræðingur upp samningi þessum er hann þó skuldbundinn til að ljúka meðferð þeirra einstaklinga sem hafið hafa þjónustu hjá honum á grundvelli samþykks tilboðs, óski VIRK eftir því.

VIRK er heimilt að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum sálfræðingum með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 9. október 2015

F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri

